

Fundur í Vinnuvernarnefnd Grindavíkurbæjar þriðjudaginn 4. júní kl. 15:00.

Mættir voru: Þorsteinn Gunnarsson, Arnfinnur Antonsson, Sigurbjörg Erlingsdóttir, Halldóra Halldórsdóttir, Fríða Egilsdóttir og Lóa Björg Björnsdóttir.

## **1. Áhættumat fyrir stofnanir**

Farið yfir áhættumat sem nú stendur yfir. Lokið að mestu í öllum stofnunum, nema grunnskólanum við Ásabraut.

Valdís kom með hita-, raka-, ljós- og hávaðamæli sem nýtist vel við að klára áhættumatið.

Unnið að skráningar- og aðgerðaráætlun fyrir allar stofnanir varðandi það sem þarf að lagfæra. Miðað er við að það sem er talið hafa hátt vægi sé lagfært innan 3-6 mánaða, það sem hafi meðalvægi 6-12 mánaða og það sem hafi lítið vægi 12+.

Í undirbúningi er að koma upp innri vef hjá Grindavíkurbæ. Vinnuvernd mun þar eiga sitt svæði og þar verður aðgengilegt áhættumat fyrir alla stofnanir bæjarins á einum stað.

Skylt er að kynna áhættumatið fyrir starfsfólki viðkomandi stofnunar. Ákveðið verður á næsta fundi hvernig það verður gert.

## **2. Ábendingar frá starfsmannafundi**

Farið yfir ábendingar sem komu fram á sameiginlegum starfsmannafundi bæjarins í haust. Ákveðið að flokka þær nánar niður á stofnanir og búa til tékklista sem hægt fara yfir til að sjá hvað er búið að framkvæma og hvað er komið í ferli. Ljóst er að talsvert hefur þegar komið til framkvæmda.

Næsti fundur nefndarinnar verður þriðjudaginn 3. september kl. 15:00 á bæjarskrifstofunum.

Fundi slitið kl. 16:10